



Innra mat

Skólaárið 2024-2025

Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi

Efnisyfirlit

INNGANGUR.....	3
GÆÐI, EFTIRLIT OG MAT.....	3
INNRA MAT	3
ÚTTEKTIR, NIÐURSTÖÐUR OG EFTIRFYLGD.....	4
ÁBENDINGAR, KVARTANIR, ATVIK OG EFTIRFYLGD	5
ENDURGJÖF FRÁ NEMENDUM OG STARFSFÓLKI	6
Nemendur	6
Starfsfólk.....	9
ÁRANGUR NEMENDA, MARKMIÐ OG MÆLIKVARÐAR	11
NÝMÆLI	12
STARFSÞRÓUN	13
JAFNLAUNAKERFI, JAFNRÉTT, MARKMIÐ OG MÆLIKVARÐAR, ÁRANGUR	13
REKSTUR – MARKMIÐ OG MAT.....	14
LOKAORÐ.....	15

INNGANGUR

Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi (FVA) var stofnaður formlega 6. febrúar 1987. FVA er öflugur og rótgróinn bók- og verknámsskóli sem starfar eftir áfangakerfi og er skólaárinu skipt upp í tvær annir.

Ásamt hefðbundnu bóknámi til stúdentsprófs og öflugri starfsbraut er boðið upp á nám í málmiðngreinum, húsasmíði, rafvirkjun og á sjúkraliðabraut. Auk náms í dagskóla er boðið upp á dreif- og helgarnám í húsasmíði, á sjúkraliðabraut og í meistaranámi.

Nemendafjöldi á árinu 2024 er að meðaltali 506 á önn og heildarfjöldi starfsfólks um 70.

Sérstaða og áherslur skólans frá 2020 felast í lýðræðislegum stjórnunar- og kennsluháttum, sterkum tengslum við atvinnulíf og íþróttir á svæðinu, persónulegri þjónustu, notalegu andrúmslofti og fjölbreyttu námsframboði.

Jafnrétti – Virðing – Fjölbreytileiki

GÆÐI, EFTIRLIT OG MAT

Í lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 er m.a. kveðið á um hvernig mati og eftirliti skuli háttað í framhaldsskólum landsins. Fram kemur að hver skóli skuli meta árangur og gæði skólastarfsins með virkri þátttöku starfsfólks, nemenda, forráðamanna og eftir atvikum öðrum hagaðilum. Markmið mats og eftirlits með gæðum eru að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks, nemenda, forráðamanna, viðtökuskóla og atvinnulífs
- tryggja að starfsemi sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum

Hjá FVA er unnið kerfisbundið að framangreindum markmiðum og mati á árangri og er það samofið starfsemi skólans sem er í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla og reglugerð nr. 700/2010 um mat og eftirlit í framhaldsskólum. Niðurstöður mats á árangri og gæðum og tengsl þeirra við skólanámskrá og áætlanir skal skólinn birta opinberlega.

INNRA MAT

Innleiðing gæðakerfis FVA hófst 2021 og er [Gæðahandbók FVA](#) aðgengileg á vefsíðu skólans þar sem má nálgast vel á annað hundrað lýsingar samtals (verklagsreglur, gátlistar, leiðbeiningar, starfslýsingar og stefnuskjöl auk ýmissa eyðublaða). Gæðastjóri heldur utan um þessa vinnu og hefur jafnframt, ásamt gæðaráði, með höndum gæða- og innra mat skólans á grundvelli fyrirliggjandi matsáætlana sem eru endurskoðaðar reglubundið og uppfærðar eftir þörfum:

- [Verk- og framkvæmdaáætlun fyrir innra mat \(STE-0024\)](#)

Gæðaráð FVA á skólaárinu 2024-2025 skipa skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri og gæðastjóri. Gæðaráð vinnur í samræmi við gæðastefnu og framangreinda áætlun fyrir innra mat. Ákveðið hefur verið að styrkja innra mat frá hausti 2025:

- fá fulltrúa kennara að borðinu í gæðaráði
- endurskoða og uppfæra hlutverk og verkefni gæðaráðs
- auka samtal innan skólans um innra mat og efla starfsfólk í virku mati
- nýta niðurstöður innra mats til umbóta með markvissum hætti
- uppfæra verk- og framkvæmdaáætlun fyrir innra mat frá og með hausti 2025

Innri úttekt á jafnlaunakerfi skólans fellur undir innra mat en gæðastjóri hefur umsjón með kerfinu; starfsmaður úr röðum kennara sinnir innri úttekt á vottuðu jafnlaunakerfi skólans:

- [Úttektaráætlun fyrir jafnlaunakerfi \(GAT-0011\)](#)

Í þessari skýrslu eru teknar saman niðurstöður innra mats á skólaárinu 2024-2025 í samræmi við framangreindar matsáætlanir og rýni núverandi gæðaráðs (stjórnendateymi).

ÚTTEKTIR, NIÐURSTÖÐUR OG EFTIRFYLGD

Skipulagðar formlegar úttektir á skólaárinu 2024-2025:

- Árleg innri úttekt á jafnlaunakerfi skólans á grundvelli verklagsreglu í gæðahandbók, [VER-0016](#) og úttektaráætlun, [GAT-0011](#) fór fram í janúar 2025. Niðurstaða innri úttektaraðila (til þess þjálfaður starfsmaður úr röðum kennara) í úttektarskýrslu var eftirfarandi: „Úttektarviðmiðin voru að fullu uppfyllt. Úttektaraðili telur að jafnlaunakerfi FVA sé vel unnið og skilvirkt. Verklagsreglum er vel fylgt eftir og að metnaður er lagður í eftirfylgd“ og áfram: „Niðurstöður úttektar gefa til kynna að FVA vinnur í samræmi við verklagsreglur jafnlaunakerfis FVA sem hlítir staðli ÍST85:2012. Engin frábrigði/frávik fundust.“ Gæðastjóri í umboði skólameistara ber ábyrgð á eftirfylgd við umbætur vegna ábendinga og/eða frávika sem greinast í innri úttekt í samræmi við framangreinda verklagsreglu. Næsta innri úttekt verður á haustönn 2025.
- Árleg ytri úttekt löggiltrar vottunarstofu staðfesti í viðhaldsúttekt í febrúar 2025 að jafnlaunakerfi FVA uppfylli áfram kröfur staðalsins ÍST 85:2012. Í skýrslu vottunarstofunnar kom eftirfarandi m.a. fram: „Sú framkvæmd sem rýnd var í úttektinni og skjalfesting hennar er til fyrirmyndar að mati úttektarstjóra. Má þar sérstaklega taka fram það skipulag sem ríkir við framkvæmd og forsendur innri úttekta. Að sama skapi ríkir vilji hjá stjórnendum til að stuðla að stöðugum umbótum á jafnlaunakerfi fyrirtækisins.“ Fram komu tækifæri til umbóta sem unnið verður að á næsta skólaári og þau metin í næstu viðhaldsúttekt 2026:
 - Uppfæra má jafnlaunastefnu
 - Vinna áfram að rýni í jafnlaunaviðmið

Gæðastjóri hefur með höndum eftirfylgd við framangreind umbótatækifæri.

Formlegt ytra mat á vegum MRN hefur verið framkvæmt á nokkurra ára fresti, síðast 2022, sbr. [skýrslu](#) úttektaraðila þar sem tilgreind voru umbótatækifæri; unnið hefur verið að þeim jafnt og þétt og umbætur hafa gengið vel. Hér er listi yfir þau sem enn voru í vinnslu á nýliðinu skólaári. Að

undanskildum einum lið sem verður fylgt eftir á haustönn 2025 hefur öllum tilgreindum umbótatækifærum verið verið skil.

- Gæðahandbók FVA vefnum; kynning fyrir starfsfólki bæði á haustönn 2024 og í byrjun vorannar 2025. Starfsfólk var hvatt til að koma á framfæri ábendingum og tillögum að nýjum skjölum, t.d. vinnulýsingum.
- Grunnþættir menntunar og heimsmarkmið SP voru til umfjöllunar á starfsdögum á vorönn 2025 en hvort tveggja fléttast inn í nám og kennslu með ýmsu móti.
- Menntastefna FVA; heildstæð stefna á grundvelli markmiðs um aukin gæði menntunar í framhaldsskólum, var til umfjöllunar á starfsdögum 2025 og birt á vef skólans.
- Fjölbreyttar kennsluaðferðir, námskraftur og þrautseigja voru í brennidepli hjá deildum á grundvelli settrar [stefnu og framtíðarsýnar](#) á skólaárinu. Sett voru markmið, mælikvarðar skilgreindir og aðgerðum hrint í framkvæmd. Árangur var metinn í byrjun annar 2025, nýrri áætlun fylgt úr og árangur metinn í lok skólaársins. Um er að ræða langtímaverkefni en á haustönn 2026 verður sjónum beint að því að auka virkni nemenda, ábyrgð og þátttöku í náminu. Deildarstjórar hitta reglubundið ráðgjafa sem styður þá í þessu langhlaupi.
- [Samskiptasáttmála FVA](#) sem unninn var 2023 er haldið á lofti við ýmis tækifæri, s.s. á fundum, í samtölum, í Skruddu og blasir við öllum á veggjum skólans; hann hefur sýnt sig að vera tæki til forvarna og leiðbeiningar um hvernig við komum fram hvert við annað.
- Auka/styrkja tengsl við grunnskólana; verkefnið er í raun stöðugt á dagskrá enda mikilvægir hagsmunir í húfi, þ.e. líðan og námsframvinda nemenda. Mikið var lagt í kynningarmál, starfsbrautin á náð samstarf við grunnskólana sem og stoðþjónustan en einnig hafa nokkrir kennarar fundað með kennurum grunnskóla í sama fagi, m.a. það í huga að stilla strengi: Góð tengsl eru mikilvæg því þau styrkja og auðvelda samstarf og samtal.
- Félagslíf nemenda var áfram stutt dyggilega af félagslífsfulltrúa í skilgreindu starfshlutfalli fyrir verkefnið og fundaði hann vikulega með nemendafélaginu (NFFA).

Eitt verkefni stendur þá út af, þ.e. að kanna hvort/hvernig nemendur upplifa birtingu grunnþátta menntunar í kennslu; slík könnun er þegar komin á dagskrá á komandi haustönn.

ÁBENDINGAR, KVARTANIR, ATVIK OG EFTIRFYLGD

Skólastjórnendur kappkosta að eiga góð samskipti við forráðamenn og aðra hagaðila. Ábendingar og kvartanir berast eftir ýmsum leiðum, s.s. símleiðis, með tölvupósti eða í samtölum. Erindin eru rýnd og umbætur gerðar eftir því sem mögulegt er, með hag nemenda að leiðarljósi. Dæmi um slíkt á liðnu skólaári er endurskoðun og uppfærsla á [heimavistarreglum](#).

Ábendingar og/eða beiðnir starfsfólks í tengslum við launakjör (ýmist munnleg eða skrifleg) eru skráðar við móttöku, rýndar og afgreiddar jafnóðum með formlegum hætti. Á árinu komu fram tvær ábendingar og var leyst úr þeim með hraði.

Almennum [ábendingum](#) um sitthvað sem betur má fara í starfseminni er hægt að koma á framfæri við skrifstofu í gegnum vefinn. Aðeins ein ábending barst á skólaárinu eftir þessari leið og leysti til þess bær starfsmaður úr málum og fylgdi umbótum eftir í umboði skólameistara.

Gegnum vefsíðuna er einnig hægt að skrá [atvik](#), s.s. slys, óhöpp og atvik þar sem lá við slysi sem varð þó ekki; átt er við atvik sem verða bæði í skólastarfinu og annarri starfsemi sem er tengd skólanum, s.s. á samkomum og ferðum á vegum skólans. Utanumhaldið er liður í uppbyggingu öryggismenningar en öryggi endurspeglar gæði sem er það sem við viljum. Skráningarkerfið og samantekt er í umsýjun gæðastjóra. Á skólaárinu voru skráð 6 atvik sem öll féllu undir atvik/óhapp án alvarlegra afleiðinga.

Skráðum atvikum er fylgt eftir og skoðað með [öryggisnefnd](#) hvort og hvernig megi gera úrbætur til að koma í veg fyrir endurtekin atvik af sama toga. Nýjar reglur um nemendaferðir FVA, sjá í [VER-0039](#) eru dæmi um afurð rýni á skráðum atvikum. Um er að ræða fyrstu útgáfu og verða þær endurskoðaðar haustið 2025. Gæði í skráningum eru meiri en áður. Einfalt yfirlit er birt á starfsmannafundi til að styrkja öryggismenningu.

Áhættumat á hinum ýmsu sviðum í skólastarfinu er í höndum öryggisnefndar; það er grundvallað á [vinnumhverfisvísium](#) Vinnueftirlitsins, framkvæmt reglubundið og niðurstöðum fylgt eftir eins og við á. Á skólaárinu var áhættumat uppfært fyrir eftirfarandi deildir/svið: húsasmíði, skrifstofur, mötuneyti, rafvirkjun og vélvirkjun.

ENDURGJÖF FRÁ NEMENDUM OG STARFSFÓLKI

Gæði í skólastarfi á breiðum grunni eru forsenda árangurs og hugað að þeim í allri starfseminni. Þar má nefna mikilvægi vellíðunar til jafns við góðan árangur í námi og starfi, bæði fyrir nemendur og starfsfólk: Markmið á mikilvægum sviðum eru sett, mælikvarðar fyrir árangur skilgreindir og árangur að jafnaði metinn amk árlega (ýmist fyrir almanaksárið eða skólaárið), t.d. í innri könnunum, rýnihópavinnu, í endurgjöf nemenda í kennslukönnunum, starfsmannasamtölum og ytri mælingum eins og í Framhaldsskólalápinum (Skólalápinum) og Stofnun ársins.

NEMENDUR

Kennslukönnun

Kennslukannanir eru hluti af innra mati og gæðakerfi skólans. Þær eru að jafnaði framkvæmdar í Innu í samræmi við skráða áætlun, sjá í gæðahandbók [STE-0024](#). Kannað er hvernig til hafi tekist með kennslu á þeim tilgangi að bæta hana: Nemendur tjá afstöðu sína til kennslu og námsefnis í einstökum áföngum og kennarar fá endurgjöf frá þeim á störf sín.

Miðað er við að ná amk 70% svarhlutfalli en að svörun undir því en yfir 50% gefi þó vísbendingar um stöðuna. Skólastjórnendur hafa gengið í stofur þegar kennslukönnun stendur yfir og hvatt nemendur til þátttöku í þeim tilgangi að auka svarhlutfall.

Viðmið um a.m.k. 80% þátttakenda svari með svarinu „sammála“ eða „frekar sammála“ er metið þannig að kennslan sé fullnægjandi og innan viðmiðunarmarka sem krefjast sérstakra viðbragða. Svör undir viðmiðinu eru sérstaklega rædd í snerpusamtölum í kjölfar kennslukönnunar þar sem lögð eru drög að umbótum eftir því sem tilefni er til. Góðum niðurstöðum eru sömuleiðis gerð skil í snerpusamtölum.

Niðurstöður kannananna í heild eru kynntar gæðaráði, deildarstjórum og kennurum.

Meðal markmiða FVA er að nemendur séu ánægðir með kennslu og námsaðstöðu og séu virkir í umræðum í tímum (í samræmi við áhersluverkefni í stefnumótunarvinnu í öllum kennslugreinum og deildum). Árangur er mældur í kennslukönnun sem lögð var fyrir skv. áætlun um fyrirlögn fyrir alla hópa haustið 2024:

- Amk 80% nemenda séu mjög sammála eða frekar sammála **fullyrðingunni**: „Mér finnst námsumhverfið (t.d. kennslan, umgjörðin, vinnuandinn) í þessum áfanga hvetjandi og jákvætt“

- Amk 80% nemenda séu mjög sammála eða frekar sammála fullyrðingunni: „Mér finnst námsaðstaðan (húsgögn, hiti, lýsing, búnaður) í kennslustofunni góð“
- Amk 80% nemenda svari fullyrðingunni „Ég tek þátt í umræðum í tímum“ með alltaf eða oft


Svarhlutfall í kennslumati 2024 og til samanburðar er svarhlutfall 2023:

	Haustönn 2023	Haustönn 2024
Fjöldi svarenda*	2738	2923
Svarhlutfall - meðaltal	65%	56%
Hvenær lagt fyrir	13.11.-23.11.23	14.11.-24.11.24

*Sumir nem. taka fleiri en eina könnun


Ekki er viðhlítandi skýring á lægra svarhlutfalli 2024 en 2023 og mögulega um tilviljun að ræða.

Niðurstöður varðandi upplifun nemenda á kennslu, námsaðstöðu og virkni í umræðum í kennslukönnun 2024:




Niðurstöður kennslukönnunar 2024 Ánægja með námsumhverfið, þ.e. kennslu, umgjörð og vinnuanda, hvetjandi og jákvætt: 87%

Hlutfallið 2023 var það sama (87%)



Niðurstöður kennslukönnunar 2024 Ánægja með námsaðstöðu, þ.e. húsgögn, hita, lýsingu, búnað: 90%

Hlutfallið 2023 var nánast það sama (89%)



Niðurstöður kennslukönnunar 2024 – Virk þátttaka nemenda í umræðum í tímum: 60%

Hlutfallið 2023 var 68%

Hinsvegar hækkaði hlutfall „stundum“ um 5%, úr 26% 2023 í 31% 2024

Skólinn kappkostar að búa vel að nemendum hvað varðar kennslu og allan aðbúnað. Það er stöðug áskorun fyrir kennara að virkja áhuga nemenda og þátttöku þeirra í umræðum í tímum en þetta er einmitt eitt af áhersluverkefnum í stefnumótunarvinnu deilda.

Framhaldsskólapúlsinn

Skólapúlsinn, nemendakönnun framhaldsskólanna, fór fram í nóvember 2024 en hún miðar að því að gera skólunum mögulegt að meta stöðu og árangur af þróunarstarfi sem snýr að líðan, námsumhverfi, virkni í námi og skólabrag en í könnuninni var einnig ný spurning um notkun spjallmennis (ChatGPT) í námi. Virkni og vellíðan nemenda er eitt af markmiðum skólans og hægt er að meta árangur í gegnum Skólapúlsinn.

Fjöldi þátttakenda hjá FVA var 348 og svarhlutfall var 77%. Við lítum svo á að niðurstöður endurspegli almennt viðhorf nemenda í skólanum þó svo að Skólapúlsinn miði við 80% lágmarkspátttökuhlutfall svo þannig megi líta á.

Markmið FVA	Áherslur og aðgerðir	Mælikvarðar	Staða	Hvenær
Að nemendur séu virkir í náminu og þeim líði vel	- Hvetjandi námsumhverfi sem ýtir undir aukna virkni í náminu - Öflug nemendapjónusta, hvatning og stuðningur, þmt eftirfylgd (s.s. við mætingu) • Góð aðstaða • Góð þjónusta (s.s. bókasafn og lesver/stuðningur) • Mikill stuðningur við félagslíf • Skýr námskrá og faglegur rammi	Að námsáhugi nemenda FVA mælist jafn eða meiri en meðaltal framhaldsskóla skv. Skólapúlsinum	FVA: 5,6 Viðmið: 5,9 Mismunur: - 0,3	nóv.2024
		Að líðan/vellíðan nemenda mælist jafnmikil eða meiri en meðaltal framhaldsskóla skv. Skólapúlsinum	FVA: 4,7 Viðmið: 4,5 Mismunur: + 0,2	nóv.2024

Viðbótarupplýsingar:

Vellíðan nemenda FVA almennt hefur aukist aftur eftir niðursveflu í kjölfar Covid þegar niðurstöður eru skoðaðar eftir aldri má sjá að vellíðan og hamingja 1. árs nemenda er aðeins undir meðaltalinu

Virkni fellur undir matsþáttinn námsumhverfi: Niðurstaða nokkurra matsþátta:

Virk þátttaka nemenda í tímum: FVA: 5,5; meðaltal framhaldsskóla var það sama, þ.e. 5,5

Hvatning til ígrundunar: FVA 6,0; meðaltal framhaldsskóla var 5,9

Tíðni leiðsagnarmats: FVA: 6,1; meðaltal framhaldsskóla var 5,8

Hlutfall sem hafa notað spjallmenni: FVA 53,7% sem var nokkuð hærri en meðaltal framhaldsskóla sem var 45%

Rýnihópur nemenda

Hópur fimm nemenda á lokaári var kallaður að borðinu á vorönn 2025 til að ræða mögulegar leiðir til umbóta, m.a. á grundvelli niðurstaðna í Framhaldsskólapólsinum. Unnið verður úr hugmyndum og helstu niðurstöðum hópsins á komandi haustönn.

- Kynning fyrir 1. árs nemendum á skólanum og námsumhverfinu verði efld, t.d. í gegnum Lífsleikniáfanga: Breytingin við að koma í framhaldsskólann úr grunnskólanum er mikil, nýtt umhverfi, nýjar reglur (s.s. að virða skilafresti!) og siðir, hvert skal leita eftir stuðningi o.fl. Óvissa um allt þetta nýja getur valdið vanlíðan og óöryggi fyrir 1. árs nema
- Kynna snemma í náminu fyrir nýnemum hvað bíður þeirra (margar stórar námstengdar ákvarðanir)
- Miðannarmat sé eins nálægt miðju annar og hægt er og hafa stöðumat fyrir páska
- Breytingar á bókasafni eru frábærar en það vantar leshorn þar sem ekki er talað eða spilað (er nú þegar í vinnslu)
- Skipuleggja upphitun fyrir ball í ballvikunni (viðburðir, tónlist í hádeginu o.fl.) – peppa fólkið upp!
- Aðspurð um boð og bönn, t.d. símabann sem á ekki við hjá okkur, þá voru nemendur sammála um að það væri galtið að hafa símabann enda oft erfitt að læra án þess að hafa símann en það mætti alveg hafa símalausan dag!

Aðrar kannanir

Á þessu skólaári voru ekki fleiri kannanir meðal nemenda en á árlegum samráðsfundi HÍ og skólastjórnenda í maí sl. kom fram ósk frá meistaranemum í viðskiptafræðideild um samstarf um dreifingu á rannsókn á tengslum við samnemendur en fram kom von rannsakenda um að niðurstöður geti nýst til að styðja betur við aðgerðir til að efla vellíðan nemenda í framhaldsskólum og skapa jákvæðara skólasamfélag. Skólameistari samþykkti stuðning við könnunina en þar sem komið var að annarlokum var ljóst að þátttaka yrði rýr. Það kemur ekki í ljós fyrr en næsta haust hvort nemendur FVA tóku þátt.

STARFSFÓLK

Starfsmannasamtöl

[Verklagsregla](#) fyrir starfsmannasamtöl (VER-0037) er aðgengileg í gæðahandbók

Snerpusamtöl: Á haustönn 2024 voru snerpusamtöl við alla kennara í kjölfar kennslukönnunar en niðurstöður eru nýttar til að hrósa eða til umbóta eftir því sem við á, þar með talið ef um er að ræða mögulega gagnrýni á viðkomandi kennara sem krefjast viðbragðs og úrlausnar. Samtölin og eftirfylgd er í höndum aðstoðarskólameistara.

Nýliðasamtöl á skólaárinu voru fjögur; fólk upplifði góðar móttökur og stuðning við að koma sér inn í starfið.

Starfsmannasamtöl fóru fram á vorönn 2024, alls 64 samtöl, og var áherslan á samskipti og starfsþróun, að læra nýtt. Tillögur að umbótum og breytingum/nýsköpun voru settar á lista og framkvæmt eins og hægt var. Þau hófust aftur á vorönn 2025 og er 15 af 71 lokið. Þeim verður

framhaldið á haustönn og hafa þegar verið skipulögð. Áherslan er núna á stefnumótun, fyrir hverju brennur starfsmaðurinn? Spurt re um vöxt og velgengi í starfi og starfsþróun er skráð.

Starfslokasamtöl á skólaárinu voru fjögur; niðurstöður eru nýttar til umbóta eftir því sem við á.

Rýnihópar um innra mat

Í byrjun maí 2025 vann rúmlega 30 manna hópur kennara að innra mati á grundvelli fyrirbyggjandi draga í skýrslu Mennta- og barnamálaráðuneytisins (MRN) frá 2024: Gæðastarf í framhaldsskólum, Viðmið fyrir innra og ytra mat í framhaldsskólum en um er að ræða ný viðmið sem eru talsvert umfangsmeiri en fyrri viðmið. Um var að ræða mælingu eða stöðumat þar sem vísbendingum var gefin einkunn samkvæmt fyrirbyggjandi skala. Efnisþættir sem hópurinn mat voru *faglegt samstarf og samræða, þróun skólastarfs, stjórnun stofnunar og umgjörð, skipulag og inntak náms*. Hópurinn gaf einkunn fyrir 51 vísbendingu.

Dæmi um vísbendingar sem fengu matið framúrskarandi (*), eða A:

- Starfsfólk finnur að litið er á hópinn sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur (A)
- Námsáætlanir eru í samræmi við hæfniviðmið og markmið áfangalýsingar (A)
- Stjórnendur styðja ígrundandi starfshætti og skapa menningu umbóta og skólaþróunar (* / A)

Dæmi um vísbendingar sem fengu matið B eða C: og gefa tækifæri til samtals og umbótavinnu:

- Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og tækjum til verklegrar kennslu (B og C)
- Jafningjamat og -stuðningur er notaður markvisst og reglubundið til að efla kennsluhætti (B)
- Stjórnendur hvetja kennara til að rýna saman í eigin starfshætti og árangur (C)

Litið er á mat af þessum toga sem tækifæri til að efla samstarf og bæta enda má alltaf gera betur.

Rýnivinnan var eins konar æfing fyrir frekari vinnu á næsta skólaári en þá er fyrirhugað er að fara kerfisbundið í gegnum öll viðmið sem MRN leggur til grundvallar fyrir innra og ytra mat og gera umbótaáætlanir á grundvelli niðurstaðna.

Stefnumótun

Stefnumótunarvinna hefur verið í gangi hjá FVA frá 2023 með þátttöku alls starfsfólks. Vinnan á rætur í meginmarkmiði skólastarfs í framhaldsskólum skv. aðalnámskrá, áherslum MRN og Menntastefnu Íslands til 2030 og með henni eflum við skólastarfið í heild, nemendur, starfsfólk og ímynd FVA. Afraksturinn er sameiginleg framtíðarsýn fyrir skólann með fjórum grunnstoðum og einkunnarorðum skólans. Jafnframt voru valdir lykilárangursþættir fyrir grunnstoðirnar og á skólaárinu 2024-2025 fór fram vinna í öllum deildum þar sem unnið var að því að hrinda í framkvæmd aðgerðum sem höfðu verið mótaðar þeim til uppfyllingar. Reglubundið var farið yfir stöðuna með ráðgjafa og skólameistara og kúrsinn e.a. réttur af eða haldið áfram eftir beinu brautinni. Allar aðgerðir miða með einum eða öðrum hætti að því að efla nemendur búa þeim og starfsfólki gott náms- og starfsumhverfi. Í tengslum við þessa vinnu eru mörg framsækin verkefni í gangi sem beinast t.d. að því að virkja og styrkja nemendur, auka námskraft, seiglu, færni og vellíðan.

Leiðirnar sem kennarar fóru á skólaárinu voru fjölbreyttar, s.s. viðtöl, „thinking classroom“, tryggja hraða endurgjöf til nemenda, fjölbreyttir kennsluhættir, nýting gervigreindar og hvað þá ber að varast, markvissar vettvangsferðir, fjölgun munnlegra verkefna, einstaklingsnámskrá bætt o.fl.

Næsta haust (2025) verður haldið áfram með vinnuna þar sem frá var horfið í vor; þó vinnan sé oft snúin og krefjist mikils af þeim má vel merkja að þeir eru almennt ánægðir með hana.

Sjá nánar um stefnumótunarvinnuna í [ársskýrslu 2024](#) sem er aðgengileg á vef skólans.

Stofnun ársins

Starfsumhverfiskönnun ríkisins og Sameykis, stofnun ársins, fór fram haustið 2024. Niðurstöður lágu fyrir í febrúar 2025. Einkunn FVA var 4,31 en viðmiðið var 4,30. Okkur tókst því enn á ný að verja umtalsverða bætingu sem náðst hefur undanfarin ár:

2019	2020	2021	2022	2023	2024
3,47	3,98	4,2	4,21	4,28	4,31

Þátttaka starfsfólks í könnuninni hefur vaxið í takt við ýmsar umbætur, s.s. á launakjörum og bættum lýðræðislegum stjórnunarháttum þar sem kallað er eftir álit og framlagi starfsfólki í ýmsum verkefnum: Heildareinkunn hefur farið hækkandi en frá 2019 höfum við farið frá því að verma eitt af neðstu sætunum í flokki meðalstórra stofnana til þess að vera 7.- 8. sæti í nýjustu könnuninni.

Helstu niðurstöður könnunarinnar er aðgengilegar í heild sinni á vef [Sameykis](#). Á vef skólans má svo sjá [þróun einkunna hjá FVA](#) í hinum ýmsu þáttum könnunarinnar en á starfsmannafundi í byrjun haustannar 2025 verður farið yfir niðurstöðurnar með starfsfólki.

Inngilding

Á skólaárinu tók skólinn þátt í könnun, inngildingarpúlsi Öldu þar sem meðalinngildingarvísitalan er 3,4 stig. FVA mældist með 4,07 stig sem er vísbending um að starfsfólk upplifi að það tilheyri og sé virt á vinnustaðnum, óháð bakgrunni. Niðurstaðan er í takti við niðurstöðu stofnunar ársins með einkunnina 4,31 og jafnframt vísbending um að gildi skólans, jafnrétti – virðing – fjölbreytileiki séu virk í starfseminni og ákvörðunum. Samskiptasáttmála FVA er einnig haldið á lofti í nálgun við fólk, samstarfsfólk, nemendur og aðra.

ÁRANGUR NEMENDA, MARKMIÐ OG MÆLIKVARÐAR

Árangur nemenda er einkum skoðaður út frá námsárangri, skólasókn, námstíma og brotthvarfi. Skilgreind eru markmið fyrir skólaárið og mælikvarðar fyrir árangur.

Meðaleinkunn og námsárangur: Skólinn hefur sett sér markmið um að meðaleinkunn nemenda á önn sé 6,5 eða hærri og að hlutfall einkunna undir 5,0 fari ekki yfir 15% í heildina. Niðurstöður á skólaárinu eru eftirfarandi:

	H 2024	V 2025
Meðaleinkunn	7,13	7,2
Fallprósenta	9,9%	9,4%

Markmiðin náðust því á báðum önnum.

Skólasókn - mæting: Sett hefur verið markmið um að skólasóknareinkunn sé ekki undir 5, þ.e. að mæting sé ekki undir 85% viðmiði sbr. skólasóknarreglur í [skólanámskrá](#). Meðalraunmæting (átt er við mætingu án tillits til fjarvista vegna veikinda og leyfa) á H2024 var 80,3% en á V2025 var hún 78,2%. Raunmæting á skólaárinu í heild var því 79,25%.

Áfangastjóri og stoðteymi fylgjast reglulega með skólasókn nemenda. Nemendur og forráðamenn eru hvattir til að fylgjast með fjarvistum í Innu en áfangastjóri sendir þeim póst vikulega með yfirliti yfir fjarvistir. Áfangastjóri og stoðteymi funda vikulega þar sem m.a. fjarvistir nemenda eru skoðaðar. Eftir 5 og 10 vikur í kennslu er mætingayfirlit tekið; nemendur með 9 fjarvistastig eða fleiri miðað við 5 eininga áfanga, fá senda viðvörun um yfirvofandi úrsögn úr áfanga og leiðbeiningar um hvernig hægt er að nýta andmælarétt.

Stöðug og góð eftirfylgd, hvatning og stuðningur til að draga úr óútskýrðum fjarvistum og bæta skólasókn er óumdeild, og ekki hvað síst mikilvæg til að styðja við nemendur í brotthvarfshættu.

Brotthvarf: Skv. mælingum mennta- og barnamálaráðuneytisins (MRN) 2024 mældist árlegt nýnemabrotthvarf 4,0% hjá FVA en á landsvísu 4,7%. Brotthvarf 2023 mældist nokkuð hærra 5,6% en á landsvísu 4,3%. Með eftirliti, öflugri náms- og starfsráðgjöf og stoðþjónustu er stöðugt unnið gegn brotthvarfi hjá FVA, sjá einnig kaflann hér að ofan; hafa má í huga að nemendahópur FVA er fjölbreyttur og að fyrri námsárangur úr grunnskóla er sterkur forspárþáttur brotthvarfs úr námi.

Námstími: Markmið skólans er að a.m.k. 50% nemenda eða fleiri sem hefja nám á stúdentsbrautum strax eftir 10. bekk séu brautskráð á þremur árum.

Hlutfall nemenda sem hóf nám haustið 2022 (árgangur 2006) og voru brautskráðir V2025 var 44%. Þá voru 24% hætt en 32% enn í námi. Að þessu sinni erum við aðeins undir settu markmiði. Sjá töflu:

			Brautskáning á
	Loknar ein >40	Loknar ein > 80	áætluðum námstíma
	eftir 2 annir	eftir 4 annir	(3 ár til stúd.prófs)
	Hlutfall lokinna ein.	Hlutfall lokinna ein.	Hlutfall
árg./innritast	árg. 2008* (H24)	árg. 2007** (H23)	árg. 2006 (H22)
V2025	75%	66%	44%

* 87% þeirra sem enn eru í skólanum náðu yfir 40 ein (13% hætt/hjá okkur)

**80% þeirra sem enn eru í skólanum (18% árgangs hætt/hjá okkur)

NÝMÆLI

Meistaraskóli: Eftir nokkurt hlé var iðnmeistaránámi hleypt af stokkunum í janúar 2024, samkvæmt nýrri námskrá og er um dreifnám með nokkrum staðbundnum lotum að ræða. Verkefnið gekk mjög vel og voru 23 meistarar útskrifaðir núna í vor 2025. Gert er ráð fyrir að meistaraskólinn fari aftur í gang í ársbyrjun 2026 en mikill áhugi er á náminu. Rekstur á meistaraskólanum kom vel út.

LOVE3ST05 eða „love“ áfanginn fyrir nemendur á bóknámsbrautum er lokaverkefnisáfangi með áherslu á sjálfstæði vinnubrögð, einstaklingsmiðað og verkefnadrifið nám. Áfanginn var keyrður í þriðja sinn núna á vorönn 2025 og gekk mjög vel. Nemendur [kynntu verkefnin](#) sín í lok annar í málstofu.

Farsælt frístundastarf er verkefni sem skólinn hefur þróað í samvinnu við Akraneskaupstað á grundvelli farsældarlaga. Til grundvallar liggur að börn og ungmenni sem taka þátt í skipulögðu frístundastarfi eru m.a. líklegri til þess að njóta velgengni í námi og byggja upp gott félagslegt stuðningsnet. Áfanginn **FARS2ME5** var kenndur í fyrsta sinn á haustönn 2024 og tókst vel til. Áfanginn verður aftur í boði næsta haust.



Starfstengd námslína innan [framhaldsskólabrautar](#) var sett á laggirnar á skólaárinu í tengslum við verkefnið “Þróun móðels fyrir starfstengda námslínu á framhaldsskólabraut” sem hlaut styrk frá Rannís vorið 2024. Námslínunni er einkum ætlað að búa nemendur undir nám á bók- eða verknámsbrautum skólans en getur samtímis verið stuðningur fyrir nemendur sem eru í brotthvarfshættu. Þrír nemendur voru skráðir á starfstengda línu á vorönn 2025; allir fóru í starfstengt nám og eru allir enn skráðir nemendur skólans. Horft er til þess að námslínan verði gagnleg viðbót við fjölbreytt námsval FVA og festi sig í sessi.

STARFSÞRÓUN

Í [mannauðsstefnu FVA](#) segir um starfsþróun að skólinn leggi áherslu á:

- að starfsfólk sinni starfsþróun, þróist og eflist í starfi og geti þannig tekist á við nýjar áskoranir/verkefni í starfinu
- skapandi teymisvinnu á sem flestum sviðum skólastarfsins

Formleg skráning starfsþróunar hjá skólameistara er hafin og starfsfólk er sífellt hvatt til starfsþróunar, t.d. í starfsmannasamtölum, hvort sem þau eru formleg eða óformleg; og með leyfisveitingum þegar námskeið eru á skólatíma og í vikulegu fréttabréfi FVA ([Skrúddan](#)) er jafnan vakin athygli á fagtengdum námskeiðum, vinnustofum og annarri fræðslu sem gagnast kennurum og e.a. öllu starfsfólki. Hluti kennara sækir reglubundið fagtengd námskeið, s.s. sumarnámskeið, skemmri námskeið yfir veturinn, e.a. fjarnámskeið og ráðstefnur, nokkrir hafa verið í kennsluréttindanámi meðfram vinnu og njóta ívilunar til þess á grundvelli stofnanasamnings, t.d. með aðlagðri stundaskrá.

Deildarstjórar og kennarar eru virkir þátttakendur í stefnumótunarvinnu skólans sem eitt og sér felur í sér starfsþróun en krefst þess líka að þeir viðhaldi þekkingu sinni og þrói sig í kennslu- og námsmatsaðferðum, s.s. ígrundunar í anda starfendarannsóknar og aðferða leiðsagnarnáms sem er í markvissri þróun hjá nokkrum kennurum. Einnig má nefna áherslu á að auka þekkingu og færni til að nýta gervigreindina í kennslu og leiðbeina nemendum um kosti hennar og galla.

Í vetur færðist í vöxt að kennarar kynni verkefni sín, þmt námskeið, með formlegum hætti, ýmist á kennarafundum eða deildarafundum og segi frá því sem þeir lærðu eða eru að vinna með í kennslunni. Þannig skapast jafningjaumhverfi þar sem miðlun þekkingar og reynslu fer fram, þar sem fólk er að þreifa sig áfram með nýjungar í kennslu.

Skólaþróunarteymi FVA var stofnað í vor skv. kjarasamningi KÍ; teymið mun setja saman starfsþróunaráætlun á grundvelli þarfagreiningar og í framhaldi styðja starfsfólk til að taka ábyrgð á eigin starfsþróun og taka virkan þátt í þróunarstarfi skólans.

JAFNLAUNAKERFI, JAFNRÉTT, MARKMIÐ OG MÆLIKVARÐAR, ÁRANGUR

Meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Jafnlaunakerfi skólans var innleitt árið 2020. Löggilt vottunarstofa metur gæði kerfisins árlega á grundvelli staðalsins ÍST 85:2012 en áður fer fram innri úttekt á kerfinu og á grundvelli hennar tekur stjórnendateymið afstöðu til þess hvort kerfið henti skólanum áfram, hvort það fullnægi kröfum og hvort það sé virkt. Niðurstaða rýnifundar 2. feb. 2025 var að svo sé.

Vottunarstofa gerði viðhaldsúttekt á kerfinu í framhaldi og að henni lokinni mælti vottunarstjóri með óbreyttri stöðu vottunar sem nú gildir til 2026 og staðfesti að engin óleysti vandmál, frávik eða athugasemdir séu til staðar frá síðustu úttekt. Greind voru tvö tækifæri til umbóta:

- Uppfæra launastefnu
- Mælt með að halda áfram vinnu sem staðið hefur yfir vegna jafnlaunaviðmiða

Jafnréttisáætlun FVA varðar launajafnrétti sem unnið er með í jafnlaunakerfinu en einnig m.t.t. lausra starfa, endur- og símenntunar ofl og tilgreint er markmið um að jafna kynjahlutfall í stjórnunarstöðum eftir því sem kostur er og er alltaf hugað að þegar stöður eru lausar. Einkunnarorð skólans, jafnrétti - virðing - fjölbreytileiki, eru leiðarljós skólans í allri nálgun við fólk og verkefni.

Mælikvarðar í Stofnun ársins nýtast til að meta að einhverju leyti hvernig til hefur tekist með jafnrétti í heild en eitt af markmiðum FVA er að mælast jafnt eða hærra öðrum framhaldsskólum sem mælast hátt.

Í Stofnun ársins 2024 (niðurstöður kynntar í feb. 2025) mældist FVA með einkunnina 4,50 í þættinum jafnrétti, en meðaltal annarra skóla í flokknum framhaldsskólar og háskólar var 4,41 en allar stofnanir voru með 4,33.



REKSTUR – MARKMIÐ OG MAT

Áhersla er á góða nýtingu fjármuna sem skólinn hefur yfir að ráða og að halda kostnaði í lágmarki. Kappkostað er að hafa gott skipulag á mikilvægum sviðum, s.s. í mannahaldi og ráðningum, við innkaup, við kennsluskiptingu og hópastærðir í áföngum o.fl.

Rekstrarmarkmið skólans er að rekstur sé í samræmi við fjárheimildir og innan 4% skekkjumarka. Sjá má á [ársreikningi 2024](#) að ekki náðist að reka skólann innan fjárheimilda að þessu sinni og var rekstrarafkoma neikvæð sem nemur um 5% af fjárheimildum ársins. Þar kemur til hækkun á launakostnaði, m.a. vegna fjölgunar kennara með kennsluafslátt, yfirvinnu í verknámi, fæðingarorlofa sem leysa þurfti með yfirvinnu, fjölgunar stöðugilda á starfsbraut og vegna stofnanasamnings.

Starfsmannafjöldi: Meðalfjöldi stöðugilda jókst óverulega eða um 0,5 milli ára 2023 og 2024 (almanksárið). Hér kom aðallega til fjölgun nemenda á starfsbraut og ákveðið var að hætta að útvista ræstingu og ráða í starfið. Stöðugildi V2024 voru hærri en V2025 sem nam tæplega 3 stöðugildum vegna fæðingarorlofs starfsmanna.

Hópastærðir og hópafjöldi hefur áhrif á reksturinn. Alltaf er lögð áhersla á að skipta kennslumagni á sem hagstæðastan hátt. Vinnumat á starfsbraut kostar of mikið. Skv stefnumiðaðri ríkisáætlun til næstu 3ja ára er mikið lagt í stuðning við nemendur og verður því haldið áfram eins og unnt er. Fyrir liggur að skólinn fær úthlutað 10 nemendaígildum til viðbótar næsta haust.

Tæki og búnaður: Ekki er gerð langtímaáætlun um kaup á tækjum og búnaði. Endurnýjun á kennslu- og tölvubúnaði og mat á þörf til þessa liðar er alltaf á döfinni reglulega. Framlag til endurnýjunar á kennslubúnaði í verknámi var millifært af fjárlögum um 20 milljónir á árinu, búið er að endurnýja einn fræsara.

Hæfni og menntun mannauðs: Markmið skólans er að allir kennarar séu með fagmenntun í sinni kennslugrein og kennsluréttindi (UK). Á skólaárinu voru 5 kennarar án kennsluréttinda en í lok skólaársins luku 3 þeirra náminu. Leiðbeinendur eru hvattir til að sækja sér kennsluréttindi og hafa td fjórir rafiðngreinakennarar lokið réttindanámi sl 3 ár. Nú er svo komið að þrír leiðbeinendur eru án réttinda, þar af tveir í verknámi. Ráðningum fyrir haustönn 2025 lauk nú í júní og fyrir liggur að hlutfall kennara með UK á komandi hausti verður um 94% (47 af 50)

Viðhald húsnæðis: Að venju lá fyrir langur listi yfir nauðsynleg viðhaldsverkefni en nokkuð þokaðist á skólaárinu þar sem það náðist að mála kennslustofur á D gangi, efri hæð; aðrar stofur verða málaðar eins og leyfi fæst til. Fjöldi beiðna frá FVA er fyrirbyggjandi hjá FSRE, s.s. um nauðsynlegar framkvæmdir á heimavist, í kennslustofu á rafvirkjun og málun á gólfi í húsi málmiðngreina. Eftirfylgd við þessi verkefni er í höndum umsjónarmanns fasteigna og skólameistara.

LOKAORÐ

Skipunarbréf skólameistara var endurnýjað í janúar 2025. Á sl fimm árum hafa miklar jákvæðar breytingar orðið m.a. á ímynd skólans og stefnu, farsæld og vellíðan starfsfólks og nemenda. Samstarf innanlands og erlendis og við hagaðila á svæðinu er gott, starfsbraut og afreksíþróttasvið standa í blóma, námskrá er í sífelldri endurskoðun, stoðteymi er sérlega öflugt, félagslíf nemenda og starfsfólks er fjörukt, lögð er áhersla á gæði og gæðamál í skólastarfinu og að halda vel utan um starfsfólk og nemendur.

Með stefnumótun sem hófst 2023 hefur margt áunnist; kennsluhættir eru fjölbreyttir og námið lifandi og unnið er markvisst að því að auka virkni og þátttöku nemenda. Áhersla er lögð á framúrskarandi menntun með áherslu á þekkingu, vellíðan, þrautseigju og árangur í umhverfi þar sem öll skipta máli og öll geta lært.

Við höldum okkar striki. Nemendafjöldinn er yfir 500 og starfsmenn um 70 talsins. Aðsókn er góð og vinnustaðurinn eftirsóttur. Nemendur halda okkur á tánum daglega með uppátækjum sínum. Það eru þau sem gera allt umstangið þess virði.

20. júní 2025

Steinunn Inga Óttarsdóttir, skólameistari